



Stjórn SSH 374. fundur

Mánudaginn 6. febrúar 2012 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Jón Gnarr Kristinsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Guðríoður Arnardóttir og Pálmi Mátsson.

Guðný Ívarsdóttir,

Guðmundur Rúnar Árnason, Guðrún Pálsdóttir og Dagur B. Eggertsson boðuðu forföll.

Ennfremur sat fundinn S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málefni skíðasvæðanna

a) Skálafell – tillaga að opnun.

Fyrir lá erindi ÍTR til aðildarsveitarfélaganna v. beiðni Skíðadeildar KR um samstarf vegna opnunar á skíðasvæðinu í Skálafelli. Farið var yfir fyrirbyggjandi svör þeirra sveitarfélaga sem tekið haf afstöðu til málsins

Umræður

Niðurstaða:

Beðið er eftir afstöðu Reykjavíkurborgar og Kópavogs vegna málsins

b) Stjórnsýsluúttekt v. reksturs skíðasvæðanna.

Rætt var um stjórnsýsluúttekt sem nú er í vinnslu á vegum innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða:

Stjórn SSH leggur áherslu á að vinnu við stjórnsýsluúttektina ljúki fyrir sem fyrst, þannig að úrvinnsla á málefnum skíðasvæðanna í kjölfar hennar geti legið fyrir tímanlega áður en fjárhagsáætlavinna næsta árs fer í gang.

2. Erindi ÍTR vegna málefna fimleikafélagsins Gróttu

Fyrir lá erindi ÍTR til SSH vegna beiðni Gróttu um kostnaðarþátttöku ÍTR v. æfinga reykvískra undmenna á vegum félagsins.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur eðlilegt að málið verði leyst með frekari viðræðum milli ÍTR og ÍTS, og vísar málinu til þessara aðila til umræðu og ákvörðunar.



3. Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið

Fyrir lá minnisblað Expectus frá 9. desember sl. með tillögu að efnistöku við gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið og vegna utanumhalds um þau verkefni sem nú eru í vinnslu á vegum framtíðarhóps SSH.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að unnið verði á grundvelli þeirra tillagna sem fram koma í minnisblaðinu.

4. Málefni Fjölsmiðjunnar

Fyrir lá fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar frá 26. janúar sl.

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að ræða við forsvarsmenn Fjölsmiðjunnar um endurskoðun og endurnýjun á samningum sveitarfélaganna vegna starfsemi Fjölsmiðjunnar.

5. Ársreikningur SSH fyrir 2011

Fyrir lágu óendurskoðuð drög að ársreikningi SSH fyrir árið 2011.

Framkvæmdastjóri greindi frá meginniðurstöðum

Niðurstaða:

Samþykkt að vísa til endurskoðenda.

6. Erindi borgarráðs vegna lestartengingar milli keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins

Fyrir fundinum lá erindi borgarráðs frá 20. janúar 2012 vegna málsins.

Umræður

Niðurstaða.

Stjórn SSH telur málið jákvætt til frekari skoðunar og vísar því til svæðisskipulagsnefndar, og telur jafnframt eðlilegt að það verði sent til aðildarsveitarfélaganna til kynningar.

7. Önnur mál

a) Fundur með lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Samþykkt að óska eftir að lögreglustjóri mæti til fundar með stjórn á næsta reglulegum stjórnarfundum í byrjun mars.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:30